



FRÉTTABRÉF SAFNMANNA

Ritstjóri og ábm. Sigurjón Baldur Hafsteinsson
Árbæjarsafn, IS-130 Reykjavík. Netfang:sbh@centrum.is
6. árg. 2. tbl. 1997

Félag íslenskra safnmanna

Fundarboð


Opinn félagsfundur

17. apríl

kl. 16.15 í Kornhúsinu, Árbæjarsafni

Dagskrá fundarins m.a.

- Söfn og ferðamennska -



Félagsmenn eru hvattir til þess að mæta á þennan fund

Félag íslenskra safnmanna
Stofnað 17. janúar 1981

Frá ritstjóra

Kyndilmessukaffi

Eins og félagsmönnum er kunnugt um þá var haldið Kyndilmessukaffi 2. febrúar síðastliðinn á Kaffi Reykjavík. Andrés Erlingsson sagnfræðinemi hélt þar erindi um steinbæi í Reykavík. Því miður reyndist þátttaka félagsmanna á þeim fundi ekki vera mikil og er óvist um orsakir þess. Í framhaldi af þeiri reynslu er vert að brýna það fyrir félagsmönnum að láta í sér heyra hafi þeir ákveðnar skoðanir um það starf sem verið er að vinna á vegum félagsins og einnig hvað þeim finnst að félagið eigi að taka sér fyrir hendur.

Félagatal

Félagsmönnum er bent á að hafa samband við undirritaðan hafi heimilisfang breyst frá því að félagatalið var sent út til félagsmanna nú í haust. Þegar hafa komið inn nokkrar leiðréttigar og viðbætur s.s. eins og netföng. Ætlunin er að gefa félagatalið út á ný á næsta farskóla.

Söfn og ferðamennska

Í þessu fréttabréfi er að finna tilkynningu um opinn félagsfund Félags íslenskra safnmannna. Yfirkrift fundarins er söfn og ferðamennska og munu framsögumenn ræða um margslungin tengsl þessara tveggja ört vaxandi sviða. Í þessu fréttabréfi er jafnframt birt grein eftir Ingiveigu Gunnarsdóttur ferðamálafræðing þar sem hún veltir fyrir sér nýjum straumum í ferðamennsku þar sem söfn gegna mikilvægu hlutverki. Með orð Ingiveigar í huga er það ihugunarvert hvort söfn víða um land eigi að vera í fararbroddi í uppsetningu hátiða, eins og Víkingahátfíðarinnar sem haldin var í Hafnarfirði sumarið 1996. Fróðlegt væri að heyra álit félagsmanna á þessu á síðum fréttabréfsins - og ekki síst í umræðunum á félagsfundinum 17. apríl.

sbh
sbh@centrum.is

Jósafat Hinriksson

1924 - 1997

Jósafat Hinriksson, vélstjóri, forstjóri og safnstjóri lést 7. janúar síðastliðinn í Reykjavík. Jósafat var pekkastur fyrir fyrirtæki sitt, Vélaverkstæðið J. Hinriksson, sem framleiðir toghlera og aðrar vörur fyrir sjávarútveg. Var hann slíkur kappsmáður í þeim rekstri að með óliskindum mátti teljast. Meðal annars seldi hann vörur sínar til flestra heimshorna, og ef stundaður er sjávarútegur á himnum munu, eins og presturinn sagði, Poly-Ice hlerar vílast ryðja sér til rúms þar eins og annars staðar. Undirritaður kynntist Jósafat lítillega og hafði mikla ánægju af þeim kynnum. Eins og fleiri hafa bent á þá líktist hann eldinum í aflinum, síkvíkur, hreinskuptinn, öflugur til allra verka, stundum kröfuharður en sanngjarn og vinsamlegur þegar til hans var leitað.

Síðustu 10-15 árin hneigðist hugur Jósafats í síauknum mæli í átt til gamals hugðarefnis, sem var minjasöfnun. Hann hafði lengi haft mikinn áhuga á að varðveita og safna munum varðandi sjómennsku og járnsmíði og allt síðan 1967 hafði hann eytt ófáum helgum í það. Hugmyndin um stofnun safns kom þó ekki fyrr en löngu seinna, þegar hann í auknum mæli langaði til að deila þessum minjum með öðrum. Og árið 1988 var *Sjóminja- og smiðjuminjasafn J. Hinrikssonar* stofnað. Úbüinn var myndarlegur salur fyrir munina þar sem þeim var komið haganlega fyrir. Opnun safnsins varð síðan til að nýir munir streymdu til Jósafats í meiri mæli en nokkru sinni fyrr. Nú er Sjóminja- og smiðjuminjasafn Jósafats Hinrikssonar meðal merkstu safna höfuðborgarinnar og eina sjóminjasafnið.

Framlag Jósafats Hinrikssonar til minjavörlunnar í landinu er verulegt. Safngripir skipta nokkrum þúsundum, margir stórmerkilegir, og væru flestir þeirra glataðir ef Jósafat hefði ekki sinnt um þá. Hann var svo forsjáll að stofna séreignarfélag um safnið og tryggja þannig framtíð þess eftir sinn dag. Óskandi er að það fái að dafna sem lengst.

Helgi M. Sigurðsson
abs@centrum.is

Upplýsingalögin 1. janúar 1997

(eða frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnum)

Nýlega voru sett lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnum sem skylda stjórnvöld til að veita aðgang að upplýsingum, hvort sem þær koma fyrirspyrjanda beint við eða ekki. Undantekningar eru þó á þessu sem öllu öðru, svo sem fram kemur hér neðar.*

Lögin taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sjálfstæðar nefndir og stofnanir ríkis og sveitarfélaga falla undir lögin.

Réttur til aðgangs að gögnum nær til:

1. allra skjala sem mál varða, bar með talinna endurrita af bréfum sem stjórnvald hefur sent, enda megi ætla að það hafi borist viðtakanda;
2. allra annarra gagna sem mál varða, svo sem teikninga, uppdráttta, korta, örfilma og gagna sem vistuð eru í tölvu;
3. dagbókarfærslna sem lúta að gögnum málsins og lista yfir málsgögn.

Undanskilin gögn ná m.a. til:

3. vinnuskjala sem stjórnvöld hafaritað til eigin afnota. Þó skal veita aðgang að vinuskjólum ef þau hafa að geyma endanlega „kvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá;
4. umsókna um störf hjá ríki eða sveitarfélögum og allra gagna sem þær varða. Þó er skilt að veita upplýsingar um nöfn, heimilisföng og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

*Óheimilt er að veita upplýsingar um málefni sem varða öryggis- eða samkeppnismál. Einnig um einka - eða fjárhagsmálefni einstaklinga og fyrirtækja (laun opinberra starfsmanna eru þó undanskilin að hluta til!). Pannig eiga menn rétt á að fræðast um föst laun opinberra starfsmanna og fastar aukagreiðslur til þeirra, svo sem óunna yfirvinnu og fasta bílastyrki, en ekki um unna yfirvinnu eða það ef viðkomandi nær ekki af einhverjum ástæðum að skila tímafjölda sínum og sætir þannig frádraetti.

*Á það skal minnt að jafnhliða upplýsingalögum gilda ýmis önnur lög, svo sem um skráningu og meðferð persónuupplýsinga sem vernda einkalfi manna. Tölvuskrár falla undir þau lög og heyra þar með undir úrskurðarvald Tölvunefndar.

Opinberir aðilar eru með lögunum hvattir til að hraða málsmeðferð og afgreiðslu mála á grundvelli upplýsingalaga og fólk getur kært til úrskurðarnefndar um upplýsingamál ef það telur sig ekki fá öll þau gögn sem það vill fá að sjá.

Gjaldtaka fyrir gögn veitt á grundvelli upplýsingalaga er sem hér segir:

5 kr. fyrir hverja blaðsíðu A-4 eða A-5 upp að 11 síðum, en 3 kr. per blaðsíðu eftir það. 7 kr. fyrir hverja A-3 blaðsíðu og 9 kr. fyrir blaðsíðu í stærðinni A-2. Fyrir endurrituð skjöl má taka 100 kr. fyrir hverja blaðsíðu. Kostnaðarverð greiðist fyrir endurgerð annarra gagna.

Vili menn afla sér frekari upplýsinga má skoða bækurnar *Upplýsingalögin : ásamt greinargerð og Upplýsingalögin : kennslurit* eftir Pál Hreinsson, báðar gefnar út á vegum Forsætisráðuneytisins árið 1996.

Unnur B. Lárusdóttir
ubl@centrum.is

Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi

Sumarið 1996 stóð Minjasafn Austurlands fyrir fornleifafræðilegri könnun á sjö fornum rústasvæðum á Fljótsdalshéraði. Könnunin var gerð til að aldurs- og hlutverkagreina valdar rústir á svæðinu, auð Hess sem hún átti að auðvelda val á stað til frekari rannsóknar. Eftirtaldir staðir voru kannaðir: Atlavíkurstekkur við Hallormsstað í Vallahreppi, Þórsnes í Egilsstaðahreppi, Brennistaðir í Eiðapingshá, Geirsstaðir í Tunguhreppi, Slútagerði í Hlíðarhreppi, Miðhús í Egilsstaðahreppi og Hraundalur í Hjaltastaðapingshá. Rannsóknarráð Íslands styrkti rannsóknina og hefur ráðið nú ákveðið að veita forstöðumanni Minjasafns Austurlands áframhaldandi styrk til frekari rannsókna vegna verkefnisins. Í sumar verður byrjað á því að rannsaka rústina á Geirsstöðum í Hróarstungu nánar með fornleifauppgreftri.

Ýmislegt var vitað um rústirnar áður er hafist var handa. Samkvæmt munnmælum og rituðum heimildum átti rústin í Atlavík að vera bær frá landnámsöld og rústin á Þórsnesinu var sögð vera þingstaður frá sama tíma. Brennistaðir og Slútagerði eru báðir tengdir fundi kumla frá heiðnum sið og Miðhús voru tengd landnámsöld vegna víkingaaldarsilfursjóðs sem fannst þar. Hvað Hraundal snertir sögðu munnmælasögur að á staðnum væru leifar sels en Geirsstaðir voru með öllu óþekktir. Hér á eftir verður sagt frá hverjum stað fyrir sig og niðurstöður rannsóknarinnar kynntar að því loknu.

Atlavíkurstekkur

Atlavíkurstekkur tilheyrir landssvæði Hallormsstaðaskógar í Vallahreppi. Rústin er staðsett í svoltíilli brekku sem veit á móti suðri en allt í kringum hana er þéttur skógur. Skammt neðan við rústina rennur lækur en hann hefur án efa ráðið staðsetningu hennar að miklu leyti.

Rústin á Atlavíkurstekk hefur lengi verið talin rúst íveruhúss Graut-Atla, landnámsmannsins sem sagður er hafa numið land í Atlavík á fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Graut-Atla er getið í Droplaugarsonasögu en þar kemur fram að hann hafi keypt land við Atlavík austan Lagarfljóts upp frá Hallormsstöðum.¹ Samskonar frásögð af Graut-Atla er að finna í þætti af Þorsteini hvíta. Báðar heimildirnar geta þess að þar sem hús Graut-Atla stóð séu nú, á ritunartíma frásagnanna, tættur sauðahúss.²

Fornfræðingurinn Sigurður Vigfússon skoðaði rústina á Atlavíkurstekk skömmu fyrir aldamótin síðustu og taldi þá áreiðanlegt að hér hefðu staðið hin upprunanlegu bæjarhús Graut-Atla. Sigurður getur þess að trúlega hafi skála Graut-Atla verið snemma breytt í sauðahús og þykir jafnframt líklegt að rústirnar séu mjög fornar.³ Hann segir einnig


¹ Droplaugarsona saga 1950:140. Sigurður Vigfússon 1892:43.

² Þorsteins saga hvíta 1950:5. Sigurður Vigfússon 1892:43.

³ Sigurður Vigfússon 1892:43-44.

frá því að fyrir skömmu hafi lítill kofi verið reistur í efri enda rústarinnar og bendir á að þar með sé ekki haegt að vita með vissu um stærð hennar. Hann telur að rústin gæti jafnvel hafa verið nokkuð lengri en hún virðist vera nú.⁴ Þessi lýsing kemur vel heim og saman við útlit rústarinnar í dag og greinilegt er að nyrðri enda rústarinnar hefur verið raskað í seinni tíð.

Rústin er óhemju stór, um 30 metrar að lengd og 15 metrar að breidd. Hún snyr NNA-SSV. Vestan við aðaltóttina, áfost henni, er viðbygging sem er um 8×10 m að stærð. Út frá henni í suður liggar ógreinileg hleðsla, um 7 metra löng. Ofan við aðalbygginguna eru leifar nýrra viðbygginga, eins og Sigurður Vigfússon getur um. Hin nýja bygging gæti hafa skemmt upprunanlegt útlit rústarinnar og líkur eru á að aðalbyggingin hafið verið án hólfa áður en byggð var við hana.



Við rannsókn á rústinni sumarið 1996 voru teknir tveir könnunarskurðir í rústina. Annar þeirra var tekinn í aðalbygginguna en hinn í viðbygginguna. Í skurðunum mátti greina nokkur gjóskulög frá ýmsum tímaskeiðum en engin kol eða önnur greinanleg lífræn efni fundust þar, sem mögulegt væri að nota til

kolefnisaldursgreiningar. Gjóskulögin voru þessi: Askja frá 1875, Veiðivatnagjóska frá 1477, Öræfajökull frá 1362 og loks Hekla frá 1158, en það var Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur sem gerði greininguna. Að mati hans eru gjóskulögin það skýr, að haegt er að treysta því nokkuð að rústin sé frá því fyrir 1158. Auk þess bendir jarðvegþykknun til þess að gjóskulagið 1158 hafi fallið á rústina nokkuð löngu eftir að hætt var að nota hana.⁵

Erfitt er að segja til um hlutverk byggingarinnar en greinilegt er að húsið, sem stóð á tóttunum, var ekki notað sem íveruhús. Gólfag rústarinnar var mjög óljóst, slitrott og vart greinanlegt á köflum. Litur þess er gulbrunn. Athyglisvert er einnig að ekki vottaði fyrir móosku, viðarösku eða kolum í rústinni við gerð könnunarskurðanna, eins og gera má ráð fyrir í rústum íveruhúsa. Gólfskánin bendir til þess að hér sé um gripahús eða rétt að ræða. Auk þess bendir hið örþunna gólfag til þess að byggingin hafi verið stuttan tíma í notkun.

Pórsnes

Pórsnes er nesoddi sem liggur út í Lagarfljót. Nesið er í landi Kollsstaða í Egilsstaðahreppi, um 4 km suður frá Egilsstaðabæ. Upp af nesinu í


⁴ Sigurður Vigfússon 1892:43.

⁵ Magnús Sigurgeirsson 1996.

suðaustur liggur Þórsneshöfði, sem er lágur ás með klettum að vestanverðu en með handli, lyngi vaxinni brekku að sunnanverðu.⁶ Þar í brekkunni er umrædd tótt en umhverfis hana, utan túngarðs, er myrlendi. Útsýni yfir og eftir fljótinu er gott frá rústunum en handan fljótsins er annað nes, kallað Freysnes. Á því eru einnig miklar og athyglisverðar rústir. Rústin á Þórsnesi var friðlýst árið 1976, fyrir tilstilli Gunnlaugs Haraldssonar þáverandi minjavardar Austurlands.

Þórsnes er einn margra staða þar sem sagt er að þinghald hafi farið fram fyrrum. Því hefur einnig verið haldið fram að þarna hafi staðið hof. Á staðnum voru haldnir almennir sýslufundir í lok síðustu aldar.⁷ Fundirnir voru haldnir í tjaldi eða undir berum himni. Sá síðasti var haldinn þar árið 1880.⁸ Helgi Hallgrímsson, sem hefur skoðað margar rústir víða um Fljótsdalshérað, telur þó ólíklegt annað en að rústirnar og garðalöggin séu leifar forns gerðis, notað sem fjárgeymsla fyrst og síðar sem stekkur.⁹

Gunnlaugur Haraldsson kannáði rústina lítillega þegar hún var friðlýst árið 1976. Hann gerði meðal annars lítiinn könnunarskurð í miðja rústina um leið og hann festi friðlýsingarmerkni niður. Hann getur þess í dagbók sinni að hann hafi fundið gólfskán á 50 cm dýpi, nokkurra sentimetra þykka, en nefnir engar tilgátur um hlutverk eða aldur rústarinnar.¹⁰



Rústin á Þórsnesinu er tæpir 30 metrar að lengd og um 10 metrar að breidd að útveggjum meðtoldum. Hún skiptist upp í fjögur herbergi eða hólf, sem eru mismunandi að stærð og eru milliveggir litlu lægri en útveggir. Rústin snýr austur-vestur og á langhlíðinni, sem veit á móti suðri, vottar fyrir tveimur inngöngum. Rétt utan við rústina er líttill ferhyrndur garður, sem er um 3 metrar á kant, og við hlið hans er óreglulegur haugur af svipaðri stærð. Um 20-30 metrum enn utar, utan um rústina og garðinn, er mikil stærri garður eða túngirðing, um 150 cm að breidd. Garðurinn er hlaðinn úr torfi, og trúlega grjóti einnig, en hann umlykur rústirnar. Út frá garðinum í austurátt liggur reiðgata.

Við rannsóknina var einn þriggja metra langur og eins meters breiður könnunarskurður tekinn í miðja rústina. Hann náði frá miðju hennar og út fyrir syðri langvegginn. Inni í rústinni kom í ljós þykk, kolablönduð gólfskán. Greinilegt er að rústin er af íveruhúsi, ef marka

⁶ Helgi Hallgrímsson 1995.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlapindi 1975:197.

⁸ Helgi Hallgrímsson 1989:19.

⁹ Helgi Hallgrímsson 1995.

¹⁰ Gunnlaugur Haraldsson 1976:41.

má gólfskán hússins. Aldur þess er nokkuð ljós. Eitt sýni var tekið til kolefnisaldursgreininga úr henni og gaf hún niðurstöðuna AD 1410 +/- 60. Í sniðum könnunarskurðsins komu í ljós tvö gjóskulög, sem lágu óhreyfð yfir rústinni. Annað þeirra er Askja frá 1875 en hitt er dökkt frá Veiðivötnum, sennilega 1477. Af þessu má ráða að búið hafi verið í húsinu fram undir miðja 15. öld.

Gróður á rústinni og umhverfis hana bendir einnig til þess að húsið hafi verið í notkun á miðoldum. Erfitt er þó að fullyrða um hvenær það var fyrst byggt, því þegar búið var lengi á sama staðnum voru hús endurbætt áratugum og jafnvel öldum saman, ætild á sama bæjarstæðinu. Í tímans rás mynduðust því hinir svokölluðu bæjarhólar. Rústin á Þórsnesinu stendur á nokkuð háum hól en hann er trúlega að mestu gerður af náttúrunnar hendi, enda ber snið skurðarins ekki vott um annað byggingarstig á bæjarstæðinu en það sem sést á yfirborðinu.

Brennistaðir

Rétt innan við bæinn Brennistaði í Eiðaþinghá er mikið af rústum á afmörkuðu svæði og þar á meðal er ein þeirra rústa sem rannsökuð var með könnunarskurði sumarið 1996. Um miðvik þessarar aldar fannst kuml skammt frá rústunum en það er ótvírað vísbending um að búið hafi verið á staðnum þegar á fyrstu öldum byggðar hérlandis.

Kumlíð var rannsakað af Ólafíu Einarssóttur, fornleifafræðingi, árið 1950. Það fannst þegar verið var að leggja veg á milli Brennistaða og Gilsárteigs. Á staðnum hafði mjög ungur maður verið heygður, mögulega í kistu eða á feldi eins og haugbúinn við Þórisá í Skriðdal¹¹ en í grófinni vottaði fyrir dökkrí rönd umhverfis beinagrindina. Með unglingsnum hafði verið lagður hnífur, spjót og sverð. Um hálsinn hafði hann borið perlufesti, gerða úr tveimur grænum vikingaaldarperlum sem þræddar voru upp á ullanband. Í grófinni fannst einnig ein beltissylgja. Fleiri gripir fundust ekki en rétt er að geta þess að þegar kumlíð var rannsakað hafði ýtutönnin fært hluta þess nokkuð úr stað.¹² Einnig er talið að grófinni hafi verið raskað fyrr á öldum en hún telst vera úr heiðnum síð.¹³

Rústirnar eru staðsettar rétt við landamerki Brennistaða og næsta bæjar, Gilsárteigs. Landareignirnar skiptast við Unalæk, litla á sem kennir er við landnámsmanninn Una danska. Til eru sagnir af því að Uni hafi verið veginn við lækinn¹⁴ en rústirnar liggja rétt utan við hann. Ofan og austan við rústirnar eru lágir hamrar en fyrir neðan þær er myrlendi. Næsta umhverfi þeirra er grasi og lyngi vaxið, fyrir utan nokkra uppblásnar hóla. Spölkorn ofan við hamrana eru leifar fleiri rústa sem kallaðar eru Óspaksstaðir. Þær eru einnig talðar vera frá landnámsöld.¹⁵

¹¹ Steinunn Kristjánsdóttir 1995:28.


¹² Tíminn 1950:9. Morgunblaðið 1950:2.

¹³ Kristján Eldjárn 1956:182-183.

¹⁴ Helgi Hallgrímsson 1996:8.

¹⁵ Sveitir og jarðir í Málahingi 1975 II:270.

Nærri þeim er haugur og á Óspakur landnámsmaður að vera heygður bar.¹⁶



Rústin er rúmir 20 metrar að lengd og um 8 metra breið, hólfuð í þrjú hólf. Hún snýr næstum í höfuðáttirnar, norður-suður, en við vestari langvegg hennar vottar óljóst fyrir viðbyggingu. Við rannsóknina var tekinn könnunarskurður, fjögurra metra langur, í miðja rústina en endi hans náði út í viðbygginguna. Að

rannsókn lokinni var ljóst að hér var um að ræða leifar íveruhúss frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Viðbyggingin er að öllum líkendum jarðhýsi, sem er áfast aðalbyggingunni.

Skálar með litlum áföstum, niðurgröfnum, jarðhýsum hafa nokkrum sinnum áður fundist hérlendis við rannsóknir á bæjarstæðum, t.d. á Grelutóttum í Ísafjarðarsýslu¹⁷, Hvítárholti í Árnessýslu¹⁸ og Granastöðum í Eyjafjarðarsýslu.¹⁹ Stundum standa jarðhýsin ein og sér en stundum eru þau áfost aðalbyggingunni, eins og á Brennistöðum. Gott dæmi um frístandandi jarðhýsi hérlendis fannst við fornleifarannsókn á Stóru-Borg undir Eyjafjöllum á áttunda áratugnum.²⁰

Gjóska var greind á staðnum af jarðfræðingunum Magnúsi Sigurgeirssyni og Þorbirni Rúnarssyni. Yfir rústinni lágu gjóskulögin frá árunum 1875, 1717, 1477 og 1362 en landnámssyrapan og tvö önnur forsöguleg gjóskulög liggja undir henni. Ekki vottaði fyrir gjósku á milli 1362 lagsins og torfhleðslunnar. Magnús telur þó að rústin á Brennistöðum sé talsvert eldri en gjóskan frá 1362 og ef til vill nokkrum öldum, því bilið á milli þessara tveggja laga er það stórt.²¹

Eitt sýni var sent utan til kolefnisaldursgreiningar og gaf það mjög háá niðurstöðu eða AD 675 +/-50. Sýnið innihélt viðarkol sem greint var sem víðir. Niðurstaða þess er það há að hún stendur á skjön við aðrar aldursgreiningar á staðnum, t.d. gjóskulög og hið hefðbundna íslenska landnám. Sýnið var tekið ofan við landnámslagið sem tímasett er til ársins 870 eða þar um bil. Af þessum sökum er erfitt að taka mark á henni að svo komnu máli en heldur ekki hægt að horfa framhjá henni. Þegar hefur annað sýni frá rústinni, nú dýrabein, verið sent utan til kolefnisgreiningar. Niðurstaðna er ekki að vænta fyrr en með vorinu.

¹⁶ Helgi Hallgrímsson 1996:8.

¹⁷ Guðmundur Ólafsson 1980:25-73.

¹⁸ Þór Magnússon 1973:5-80.

¹⁹ Bjarni F. Einarsson 1992:95-119.

²⁰ Mjöll Snæsdóttir 1992:53-55.

²¹ Magnús Sigurðsson 1996.

Geirsstaðir

Í landi Litla-Bakka í Hróarstungu er tótt sem ber nafnið Geirsstaðir. Skammt frá Geirsstöðum eru tættur beitarhúsa, sem voru lögð niður skömmu eftir aldamót og tilheyrðu Litla-Bakka.²² Engin tenging virðist á milli þessara tveggja rústasvæða. Geirsstaðir eru svo að segja með öllu ópekktir og því fátt um staðinn að segja. Nafn bæjarins er einungis þrisvar sinnum skráð á spjöld íslenskra fornbréfa, öll frá sextándu öld. Í þessi þrjú skipti er um kaupbréf að ræða og þar er Geirsstaða allsstaðar getið sem örnefnis á landamerkjum Litla-Bakka og Hrærekslækjar.²³ Þess vegna má geta sér til um það að Geirsstaðir hafi verið löngu komnir í eyði á þessum tíma.

Rústin á Geirsstöðum er mjög óljós og erfitt að átta sig á útliti hennar eða stærð. Endi hennar og jarðvegurinn umhverfis hana hverfa út í eitt undir lágvöxnu kjarri. Veggir hennar eru einnig útflattir. Hún liggar á lágum, margra kílómetra löngum ási. Vestan við ásinn rennur Jökulsá, nokkra kílómetra í burtu. Útsýni frá ásnum er gott yfir í Jökulsárlíðina, sem liggur andspænis Hróarstungu, handan við Jökulsána. Víða á ásnum má sjá kolagrafir.

Aðeins einn könnunarskurður var tekinn í Geirsstaðarústina. Hann var einn metri á breidd en þrír metrar á lengd. Skurðurinn var tekinn frá miðju rústarinnar og út fyrir syðri langvegg hennar. Inni í rústinni kom í ljós þykkt, niðurgrafið gólfag. Í þeim voru engin kol. Utan við langvegginn kom aftur á móti í ljós mikil af morknum beinum og trúflísum. Bein þessi fundust í djúpri gryfju eða gröf, sem hafði verið tekin niður í óhreyfðan jarðveg og í gegnum þykkt lag af landnámsgjósku. Eitt beinanna náðist heilt úr jarðveginum, með því að þurrka moldarköggulinn sem hélt því saman. Dr. Eva Klonowski, beinamannfræðingur, staðfesti síðar með greiningu að hér var um mannabein að ræða, n.t.t. augntóttarbein.²⁴ Beinið var, að tegundagreiningu lokinni, kolefnisaldursgreint og gaf greiningin niðurstöðuna AD 980 +/- 60. Gjóskulöginn í rústinni voru könnuð af Þorbirni Rúnarssyni, jarðfræðingi. Flest þeirra eru mjög skýr. Neðsta gjóskulagið er úr gosi árið 1362 og liggur það samfellt inni í rústinni. Torfhleðsla rústarinnar liggur rúmum 10 cm neðan við gjóskulagið, sem bendir til þess að hætt hafi verið að nota bygginguna löngu áður en gjóskan félí yfir hana. Þarna haldast niðurstöður kolefnisaldursgreininga, gjóskulaga og samhengi jarðlaga í hendur, sem styrkir áreiðanleika aldursgreiningarinnar til mikilla muna.

Flestar ofangreindra niðurstaðna benda til þess að rústin sé af kirkju, sem sennilega var reist áður en kristni var lögtekin á Alþingi árið 1000. Rétt er að benda á að ekki verður að fullu ljóst hvort hér er um


²² Sveitir og jarðir 1975 I:321.

²³ Íslenskt fornbréfasafn XIII:22, 296.

²⁴ Eva Elvira Klonowski 1996.

kirkju að ræða, fyrr en staðurinn hefur verið rannsakaður með uppgreftri. Eins og staðan er í dag er fátt sem mælir á móti því en hin ógreinilega rúst á Geirsstöðum í Hróarstungu snýr austur-vestur, sem vissulega er enn ein vísabendingin um að rústin sé leifar kirkju.

Ekki er getið um neina kirkju á Geirsstöðum í Hróarstungu í fornrum ritum, hvorki fyrr né síðar. Páll Jónsson, biskup í Skálholti, léti gera skrá yfir allar kirkjur í sínu biskupsdæmi um aldamótin 1200.²⁵ Í þeiri skrá er ekki getið um kirkju á Geirsstöðum. Ætla má að með frekari rannsóknunum eigi margir kirkjustraðir eftir að finnast á stöðum þar sem ekki er vitað til að nokkurn tíma hafi staðið kirkja. Skýrsluhöfundí er ekki kunnugt um að kirkjur frá því fyrir 1000 hafi fundist hér til davar en þó hafa verið uppi getgátur um að kirkjurústini á Skeljastöðum í Þjórsárdal, sem rannsókuð var árið 1939, hafi verið reist nokkru fyrir lögtöku kristnunar hér á landi.²⁶



Það hefur einnig komið fyrir nokkrum sinnum að bein hafa fundist á stöðum þar sem ekki hefur verið vitað til þess að staðið hafi kirkja. Beinafundir þessir hafa oftast verið aldursgreindir í samræmi við hefðbundnar kenningar um heiðni og kristni á Íslandi. Samkvæmt þeim eru grafir taldar vera frá kristnum tíma ef engir gripir finnast í þeim en ef gripir finnast í grófunum eru þær aldursgreindar til heiðins tíma fyrir árið 1000.²⁷

Einstaka fræðimenn hafa bent á það að fyrstu íslensku kirkjurnar hafi trúlega risið löngu fyrir árið 1000 en hingað til hafa engar fornleifafræðilegar sannanir stutt þær tilgáтур.²⁸ Oftar en ekki er þó talið að landsmenn hafi almennt ekki tekið kristni hér á landi fyrr en hún var lögtekin á Alþingi árið 1000 og að kirkjur hafi eingöngu verið reistar eftir það. Sú hugmynd byggir að miklu leyti á frásögnum í Landnámabók og Íslendingabók um fyrstu byggð á Íslandi. Þar er ekki getið um annað en að kristniboðið hafi farið mjög friðsamlega fram og tekið skamman tíma. Í Landnámabók segir þó einnig að nokkrir hinna norrænu landnámsmanna²⁹ hafi þegar tekið kristna trú áður þeir komu hingað til lands. Í þessari heimild, svo og Íslendingabók, getur einnig um írska

²⁵ Sveinn Víkingur 1970:152-153.

²⁶ Vilhjálmur Órn Vilhjálmsson 1991:59. Bein, úr garðinum sem liggur í kringum kirkjuna, voru aldursgreind fyrir fáeinum árum og sýndu niðurstöðurnar fram á aldur fyrir árið 1000. Ibid 1991:65.

²⁷ T.d. Kristján Eldjárn 1956:98-101, Guðrún Kristinsdóttir 1988:95-97.

²⁸ Sveinn Víkingur 1970:52-80, Gunnar Karlsson 1990:75-90. Hjalti Hugason 1996.

²⁹ Landnámabók 1968:139.

munka sem áttu að hafa búið hér á landi en flúið við komu hinna heiðnu landnámsmanna.³⁰

Líklegra má þó telja að mun stærri hluti landsmanna hafi tekið kristni fyrir lögtöku hennar hér á landi en heimildirnar geta um og eins má reikna með að kristnitakan hafi farið fram með allt öðrum hætti en þar kemur fram. Það er líka vel hugsandi að heiðnin hafi lifað áfram að nokkru marki eftir árið 1000. Þessir tveir trúarheimar geta hafa lifað hlið við hlið á Íslandi nokkuð lengi, jafnvel aldir, bæði fyrir og eftir lögtöku kristninnar. Til að komast að raun um þetta verður að rannsaka þessa þætti íslenskrar menningu mjög ítarlega með fornleifarannsóknum. Rétt er að benda á að líklega verður tímasetningu lögtöku kristni á Íslandi seint breytt, þó í ljós komi að aðdragandi hennar hafi verið með öðrum hætti en áður var talið.

Slútagerði

Guðrún Kristinsdóttir, minjavörður Austurlands, var undirritaðri innan handar við val á staðnum. Voríð 1996 fannst kuml þar skammt frá og hafði Guðrún umsjón með rannsókn á því. Okkur þótti freistandi að kanna tengsl á milli bæjarstæðisins og kumlsins.


Slútagerði er gamalt bæjarstæði í landi Sellands í Jökulsárhlið. Selland er nýbýli úr landi Fossvalla, næsta bæjar sunnan við Selland. Á bæjarstæði Sellands stóðu áður beitarhús sem hétu Fossvallasel. Þar var búið af og til, a.m.k. frá 1703 fram á síðustu öld.³¹ Selland liggur um 500 metra í vestur ofan við Jökulsá á Dal, ekki langt frá nýbyggðri brú þar yfir. Niður við Jökulsárbarmana, þó nokkuð sunnar og vestar, er bæjarstæði Slútagerðis að finna.

Svæðið beggja vegna árinnar er klætt grónum ásum, hæðum og hólum. Margir þeirra eru kjarri og lyngi vaxnir, eins og láglendið milli þeirra. Áin hefur grafið sér farveg í djúpu gili neðan við ásana, straumhörd og mjög erfið yfirferðar. Á vestanverðum gilbarminum, uppi á snarbrattri hæð, stóð Slútagerðisbærinn. Útsýni þaðan er nokkuð gott, aðallega austur yfir Hróarstungu og út í Héraðsflóa. Ásarnir byrgja nokkuð sýn í aðrar áttir.

Slútagerði hefur verið í eyði frá ómunatíð. Jarðarinnar er ekki getið í rituðum heimildum en samt sem áður er þessi staður vel þekktur, ekki síst vegna margskonar munnmæla sem fylgia staðnum. Þau segja meðal annars frá því að jörðin hafi verið yfirgefin á sínum tíma vegna válegs atburðar sem gerðist á staðnum. Munnmælin eru mjög óljós og um innihald þeirra er ekki vitað með vissu en þau tengjast þó iðulega gljúfrinu í ánni rétt neðan við bæjarstæðið og segja að einhver, oftast barn frá bænum, hafi fallið í gljúfrið og farist.

³⁰ Landnámaþók 1968:31-32. Íslendingabók 1968:5.

³¹ Munnlegar heimildir frá Hrafntali A. Jónssyni, héraðsskjalaverði Austurlands. Febrúar, 1997.



heillegur og samfeldur, en endar við brún hlólsins sem rústirnar standa á. Brúnin er það skörp og bratt niður hæðina, að ekki hefur verið þörf á að byggja upp garð þar, enda standa sjálf bærjarhúsin þar í gapinu. Undan snarbrattri brekkunni tekur gilbarmurinn við.

Við rannsóknina sumarið 1996 voru aðeins rústir I og III kannaðar. Rúst I virðist ekki vera mjög gömul, af gróðri og yfirborði að dæma. Hún er hólfuð upp í marga samhangandi hluta. Í stærsta hólf hennar var tekinn einn, eins meters breiður og tveggja metra langur, skurður í gegnum útvegg og inn í hana miðja. Í rúst III var annar skurður tekinn, sem mældist einn meter á breidd og þrír á lengd. Þessi rúst virðist aftur á móti vera mjög gömul af gróðri að dæma, en hún fellur nánast inn í umhverfið. Hún er aflöng og líkist einna helst skálabyggingu.

Könnunarskurðirnir létu í ljós ýmsar upplýsingar. Í rúst I komu í ljós veggleðslur og þykk golfskán. Rústin er án efa rúst íveruhúss og samkvæmt vitnisburði gjóskulaga hefur verið búið í húsinu fram á 17. eða jafnvel 18. öld en gjóskan frá Öskjugosinu árið 1875 var eina gjóskulagið sem lá yfir henni. Ekki er gott að segja til um hvenær húsið var fyrst byggt en það gæti alveg eins hafa verið fljótlega eftir landnám, ef marka má samhengi jarðlaga í könnunarskurði þessarar rústar. Svo virðist sem rústin standi rétt ofan við landnámsgjóskuna, sem tímasett er til ársins 870. Eitt sýni var tekið úr golfskáninni til kolefnisaldursgreiningar en niðurstöður úr því hafa enn ekki borist.

Rúst III getur varla hafa verið meira en heytótt, því í henni fundust engin merki mannvistarliga. Hún virðist heldur ekki hafa borið neitt þak. Þó engin mannvistarlag hafi fundist í rústinni voru koladreifar greinilegar í henni, án þess að þær mynduðu heilt lag. Í skurði rústarinnar mátti einnig greina samfelld gjóskulög frá 1875, 1477 og 1362 yfir rústinni, sem leiðir líkur að því að rústin sé að grunni til frá því fyrir árið 1362. Í koladrefunum fundust heilir kolabitar sem sendir voru til kolefnisaldursgreiningar og sýndi greiningin fram á aldurinn AD 780 +/- 80 ár.

Niðurstöður greiningarnar komu í raun ekki mjög á óvart því aldursgreiningar á rústum, sem taldar eru tilheyra fyrstu byggingarárunum í sögu Íslands, eru oft og iðulega mjög háar, þ.e. að niðurstöðurnar sýna fram á aldur allt að tveimur öldum fyrir þann tíma sem almennt er talið að Ísland hafi verið numið. Sýnin frá rúst III í

Slútagerði og rústarinnar á Brennistöðum falla báðar í þennan flokk niðurstaðna. Báðar þessar rústir eru greinilega, ef marka má greiningu gjóskulaga, frá fyrstu tímum byggðar á Íslands. Sýnin sem voru kolefnisaldursgreind innihéldu í báðum tilfellunum íslenskan við, annars vegr birki og hins vegr víði, með lágan eigin aldur. Túlkun á þessum niðurstöðum verður látin bíða um sinn vegna ýmissa óvissuháttá í sambandi við greiningar af þessu tagi en það er vissulega kominn tími til að taka með einhverri alvöru á þessum mikilvæga þætti í íslenskri fornleifafræði.

Miðhús

Miðhús í Egilsstaðahreppi er vel þekkt jörð fornleifafræðilega séð og þess vegna var vart hægt að líta framhjá staðnum við rannsókn á þekktum rústasvæðum frá landnámsöld á Fljótsdalshéraði. Jörðin liggur norðan og austan við Eyvindará. Þar í kring vex Miðhúsaskógr, einn margra náttúrulegra birkiskóga á Héraði.

Miðhús voru áður vegamót. Gamla kaupstaðarleiðin til Eskifjarðar og Breiðuvíkur lá þar um og ofan við Miðhúsalandið er Gagnheiði og Fjarðarheiði, þar sem nú er farið yfir til Seyðisfjarðar. Gömlu Seyðisfjarðargötturnar eru einnig enn sýnilegar. Í norður frá Miðhúsum liggur vegurinn út í Eiða og til Borgarfjarðar eystra, en svo hefur verið lengi. Algengt var að ferðafólk kæmi við á Miðhúsum og sagt er að vísirinn að fyrsta hótelinu á Héraði hafi myndast þar skömmu fyrir aldamotin síðustu.³²

Miðhús er ekki talin vera landnámsjörð, því hún byggðist úr landi Eyvindarár á síðari tímum. Jörðin var bændaeign þar til Skógrækt ríkisins keypti hana árið 1959. Hún var keypt aftur af einkaaðila árið 1967 en skógræktin hélt þá eftir hluta af skóginum.³³ Var síðan stundaður búskapur á jörðinni í rúma two áratugi og á þeim tíma var jörðin mikið ræktuð upp. Í dag er búið á jörðinni en ekki stundaður sauðfjár- eða nautgripabúskapur.

Mjög margar athyglisverðar rústir er að finna í landi Miðhúsa en sumar þeirra hafa verið sléttarðar út þegar land hefur verið ræktað eða hús byggð. Eins og þekkt er orðið fannst silfursjóður frá víkingaöld á landareigninni þegar nýtt sbúðarhús var byggt á Miðhúsum í upphafi níunda áratugarins³⁴ og síðastliðið haust grófu vegagerðarmenn ofan af smiðju þar skammt frá þegar unnið var við afleggjara heim að bænum.³⁵

Silfursjóðurinn, sem fannst á Miðhúsum árið 1980, hefur orðið frægur hérlandis fyrir margar sakir. Sjóðurinn, sem inniheldur brotasilfur og skartgripi, er talinn vera frá víkingaöld en hann var rannsakaður ítarlega fyrir fáeinum árum þegar upp komu efasemdir um

³² *Sveitir og jarðir í Múlabungi II* 1975:208.


³³ *Sveitir og jarðir í Múlabungi II* 1975:207.

³⁴ Þór Magnússon 1981:5-20.

³⁵ Guðrún Kristinsdóttir 1996.

aldur hans, gerð og uppruna. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem fram fór í Kaupmannahöfn, voru þær helstar að silfrið í sjóðnum er allt frá sama tíma og án efa frá víkingaöld. Aftur á móti var einn skartgripanna, fingurhringur, gerður með tækni sem ekki var talin þekkt á víkingaöld.³⁶

Pessar niðurstöður hafa verið túlkaðar með ýmsum hætti, ýmist að hringurinn sé hreinlega falsaður³⁷ eða að átt hafi verið við hringinn einhvern tíma eftir iðnbyltingu.³⁸ Að mati greinarhöfundar má einnig túlka niðurstöðurnar á þann hátt að þær hafi leitt í ljós áður óþekkta aðferð við silfursmíðar á víkingaöld. Tilgangurinn með rannsóknum er jú yfirleitt sá að leiða í ljós nýja vitnesku um það sem áður var óþekkt. Það virðist vera venja í íslenskri fornleifafræði að ef niðurstöður rannsókna stangast á við hefðbundna þekkingu um viðfangsefnið eru þær taldar rangar.



nokkrum áratugum og hann notaður eru ekki sjáanlegar á yfirborðinu.

Rústirnar á Miðhúsum voru ekki kannaðar með skurðum sumarið 1996, heldur eingöngu með jarðbor. Rústasvæðin eru tvö. Annað þeirra liggar steinsnar frá fundarstað silfursjóðsins en hitt er hóll sem stendur að baki gamla þbúðarhússins á Miðhúsum, í daglegu tali kallaður Sturluhóll. Höllinn var sléttanar út fyrir sem kartöflugarður. Rústirnar eru því ekki sjáanlegar á yfirborðinu.

Jarðborssýnin benda til þess að hætt hafi verið að nota fyrnefndu rústirnar á 13. eða 14. öld en hlutverk þeirra er enn óljóst, því ekki nádist í nein gólfloß þar. Sturluhóllinn byggist greinilega upp á mannvistarlugum upp úr og niður úr. Líklegt má telja að í honum séu bæjarhús falin, því jarðborinn sýndi fram á torfhleðslur og gólfag, sem sennilega er úr íveruhúsi frekar en útihúsi. Í gólfaginu fannst lítil víðigrein, sem send var til kolefnisaldurgreiningar, en niðurstöður greiningarinnar hafa enn ekki borist.

Hraundalur


Hraundalur liggr í fjallgarðinum á milli Hjaltastaðaþinghár og Loðmundarfjarðar, langt yfir sjávarmáli. Dyrfjöllin eru þar skammt undan en í nágrenni þeirra eru nokkrir grösugir dalir. Hraundalur er einn þeirra. Dalurinn er mjög búsældarlegur og um hann liggr þekkt gönguleið milli Hjaltastaðaþinghár og Loðmundarfjarðar. Eftir honum miðjun liðast nokkuð voldug á og beggja vegna hennar eru að minnsta kosti þrjú rústasvæði, sem öll eru talin vera rústir selja.

³⁶ Helgi Þorláksson og Lilja Árnadóttir 1995:6-7.

³⁷ Þosturinn 3. júlí, 1995:18-19.

³⁸ Helgi Þorláksson og Lilja Árnadóttir 1995:6.

Sú saga fylgir einu rústasvæðanna að kona nokkur frá Eiðum, Margrét ríka, hafi átt þar sel. Til eru margar sagnir af Margréti ríku en hún er sögð hafa verið hinn mesti kvenskörungur. Hún fæddist á seinni hluta 15. aldar og lifði langt fram á 16. öld.³⁹ Hún var tvígift og ól upp mörg börn, bæði sín eigin og annarra. Sagan segir að hún hafi verið kvenna auðugust á þessum tíma en hún átti fjölmargar jarðir og greiðan aðgang að auðæfum hafssins vegna jarðaítaka. Auk sagna um ríkidæmi hennar er sagt að hún hafi haft höfðinglund og einnig verið afar ráðgjörn.⁴⁰



staðið bær. Alvanalegt er að byggja upp gömul hús eða reisa nýja bæi á gömlum bæjarstæðum hérlendis. Hluti rústanna á Hraundal, rústir II-IV, eru mjög grónar lyngi, sem gæti verið vísabending um háan aldur þeirra, en aftur á móti er stærsta rústin (rúst I) grasi vaxin eins og títt er um rústir frá síðomiðoldum. Því má reikna með að hún sé mikið yngri en hinar rústirnar þrjár. Undir henni hefur myndast nokkuð stór "bæjarhóll" í tímans rás. Rústirnar eru allar nokkuð dreifðar um bæjarstæðið, eins og um íveruhús og úтиhús sé að ræða.

Afar erfitt er að átta sig á hlutverki og aldri rústanna nema með könnunarskurðum eða uppgreftri. Staðurinn er mjög athyglisverður til ítarlegri rannsókna, t.d. ef kanna á byggð á hálandi Íslands á öldum áður. Vel má vera að Margrét ríka hafi átt sel í Hraundal á 16. öldinni en búseta hennar þar segir ekkert til um það hvenær fyrst var búið þar. Byggð langt yfir sjávarmáli hefur ekki verið könnuð nema að mjög litlu marki á Íslandi⁴¹ en ekki er ólíklegt að grösugir hálandisdalir hafi verið byggðir og þar stundaður heilsárbúskapur á fyrstu árum landnáms, meira en þekkt er á nýliðnum öldum. Líklega hefur árstíðabundinn seljabúskapur einnig verið stundaður í flestum þessara dala allt frá upphafi byggðar hér á landi.

³⁹ Íslenskt fornþrófusafn XII:309.

⁴⁰ Íslenskar þjóðsögur og sagnir 1950:88-89.

⁴¹ Fornleifafræðingarnir Sveinbjörn Rafnsson (1990) og Guðrún Sveinbjarnardóttir (1992) hafa kannað afmörkuð landsvæði hérlendis með tilliti til búskapar í afldolum. Einig hefur Margrét Hermanns-Auðardóttir (1996) kannað byggð á hálandi í tengslum við verkefni, sem hún leiðir um byggð og tímatal í Norður Atlantshafi. Sveinbjörn kannaði byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardólum en Guðrún kannaði byggð í Skagafirði og í Eyjafjallasveit. Sem dæmi má nefna að lengi hefur verið búið heilsárbúskap í Hrafnkelsdal, sem liggur í svipaðri hæð yfir sjávarmáli og Hraundalur. Hrafnkelsdalur er þó talsvert lengra inni í landi en Hraundalur.

Sumarið 1996 voru rústirnar, sem kenndar eru við Margréti, kannaðar með yfirborðskönnun. Rústirnar eru fjórar, af mismunandi stærðum og gerðum, og greinilega ekki allar samtíða. Stærsta rústin á Hraundal getur allt eins verið leifar selsins, sem um getur í sögunni, en vel má hugsa sér að í fyrstunni hafi þarna

Niðurstöður

Niðurstöður forkönnunarinnar á Fljótsdalshéraði sumarið 1996 eru afar athyglisverðar og komu mjög á óvart. Segja má að rannsóknin hafi leitt í ljós dæmi um nær allar gerðir íslenskra búskaparháttu frá landnámsöld til 18. aldar en við rannsóknina fundust líkast til kirkja, rétt eða gripahús, sel, jarðhýsi, landnámsbær, heytótt og íveruhús frá ýmsum tímaskeiðum. Rannsóknin sýndi einnig að í raun er afar erfitt að ákvárdar aldur og hlutverk rústa með yfirborðskönnun einni saman. Þetta verður að gerast með fornleifarannsókn af einhverju tagi, annað hvort í formi könnunarskurða eða helst af öllu alhliða uppgreftri. Einnig er óhætt að fullyrða að nauðsynlegt er að byrja stærri rannsóknir með forkönnun, nema ef óyggjandi heimildir eru til um rannsóknarefninið.

Það er einkum þrennt sem vekur hvað mesta athygli þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar í heild sinni. Það eru í fyrsta lagi niðurstöður kolefnisaldursgreininga frá Brennistöðum og rúst I í Slútagerði, í öðru lagi er það rústin á Geirsstöðum og í þriðja lagi hve lítið er hægt að treysta á munnlegar heimildir við rannsóknir og þá væntanlega einnig ritaðar heimildir sem ekki eru samtíða rannsóknarefninu.

Kolefnisaldursgreiningar

Eins og drepið var á hér að framan í greininni, gefa niðurstöður kolefnisaldursgreininga frá Brennistöðum og Slútagerði enn eitt tilefnið til að kanna nákvæmni kolefnisaldursgreininga hér á landi og athuga markvisst hvort þessar háu niðurstöður eigi við rök að styðjast. Þetta mætti mögulega kanna í eitt skipti fyrir öll með því að gera tilraunir með íslenska leiðréttungarkúrfu, t.d. úr íslensku birki, fyrir kolefnisaldursgreiningar en við leiðréttigar er venjulega stuðst við kúrfu sem gerð var eftir eikum, fundnum á Írlandi og í Kaliforníu.

Norðmenn telja kolefnisaldursgreiningar mjög ábyggilegar og eru þær iðulega notaðar við fornleifarannsóknir þar í landi. Það sama gildir um önnur nágrennallönd okkar, nema reyndar Færeysjum. Þar er vandamálið með kolefnisaldursgreiningar það sama og hér á landi, þ.e. að niðurstöður kolefnisaldursgreininga frá fyrstu byggð í Færeymum sýna fram á ártöl sem stangast á við hið hefðbundna landnám á Færeymum samkvæmt rituðum heimildum. Það er mjög undarlegt ef Ísland og Færeysjum, ein landa við Atlantshafið, geta ekki reitt sig á kolefnisaldursgreiningar við fornleifarannsóknir.

Kristnar minjar frá heiðnum tíma

Niðurstöður rannsóknarinnar á Geirsstöðum komu mjög á óvart. Það að þar skuli að öllum líkindum hafa fundist kirkja og kristin gróf frá því rétt fyrir árið 1000, ár íslenskrar kristnitóku, er mikil ánægjuefni. Rétt er þó að minna á, að endanleg staðfesting á að hér sé um kirkju og kirkjugarð

að ræða fæst ekki nema með ítarlegri rannsókn á rústinni og næsta nágrenni hennar.

Margir hafa látið þá skoðun í ljós að kristniboðið hljóti að hafa tekið mun lengri tíma en áður hefur verið talið og jafnframt að kristnin hafi líklega ekki náð fótfestu hér á landi svo skömmu eftir landnám og friðsamlega, eins og ritáðar heimildir vilja vera láta.⁴² Fornleifafræðilegar heimildir, þessu til staðfestingar, eru mjög fáar vegna skorts á markvissum rannsóknum á efninu. Það eru þó til vísbendingar um kristnar minjar frá hinum svokallaða heiðna tíma á Íslandi.⁴³ Vonandi bætir fundur rústarinnar á Geirsstöðum einnig úr þessu.

Með frekari rannsóknum, þar sem upphaf og þróun kristins trúboðs á Íslandi verður kannað markvisst, má ætla að finnist fleiri minjar um kristni frá því fyrir árið 1000 og jafnframt heiðnar minjar frá þeim tíma er kristnin hafði þegar verið lögtekin hér á landi. Slíkar rannsóknir hafa þegar farið fram að einhverju marki í nágrannalöndum okkar. Án nokkurs efa má leiða líkur að því að aðdragandi kristnitökunnar hafi verið langur og flókinn, og að kristnu trúboði á Íslandi hafi ekki lokið fyrir en löngu eftir árið 1000. Heiðnin og kristnin hafa líklega lifað hlið við hlið um nokkurt skeið hér á landi en til að komast að raun um þetta verður að rannsaka fornleifar mun betur en áður hefur verið gert með þetta að leiðarljósi, því í fornleifunum eru geymdar einu samtímaheimildirnar um aðdraganda og þróun fyrstu trúskiptanna á Íslandi.

Fornleifarnar einu samtímaheimildirnar

Forkönnun þessi hefur sýnt fram á að erfitt er að treysta á munnlegar heimildir ef rannsaka á fornleifar. Að sama skapi virðist erfitt að treysta á ritáðar heimildir sem eru skráðar eftir munnlegri geymd, en slíkar heimildir eru einna mest notaðar til stuðnings við uppgrafen gögn frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Helst er að treysta ritum sem lýsa samtímanum eða ritum sem eru skráð samtíða atburðunum sem skýrt er frá.

Oft og iðulega hafa fræðimenn verið gagnrýndir fyrir það að nota ritaðar heimildir í sumum tilfellum en örðrum ekki. En kúnstin við notkun ritaðra og munnlegra heimilda er einmitt fólgin í því að velja og hafna. Sumt á við rök að styðjast, annað ekki. Skráning heimildanna mótað alltaf af viðhorfum heimildamannsins og þess sem skráir. Það er einnig margt sem getur hafnað utan við þess konar heimildaflutning og þar með fallið í gleymsku. Þess vegna eru fornleifarnar einu tryggu samtímaheimildirnar, sem við höfum aðgang að, um hin mörgu og mislöngu tímaskeið í íslenskri menningarsögu. Vitnisburði þeirra er einum að treysta.

⁴² Hjalti Hugason 1996. Sveinn Víkingur 1970.

⁴³ Til dæmis haf niðurstöður kolefnisaldursgreininga frá kirkjugarði að Skeljastöðum í Pjórsárdal gefið tilefni til að ætla það að kirkjugarðurinn á staðnum sé a.m.k. frá 10. öld. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1991:59.

Heimildaskrá

- Bjarni F. Einarsson 1992: Granastaðir-grophuset och andra isländska grophus i ett nordiskt sammanhang. *Viking* 1992. S. 95-119. Oslo.
- Droplaugarsonasaga. 1950. *Íslensk fornrit XI. Austfirðingasögur*. Jón Jóhannesson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.
- Guðmundur Ólafsson 1980: Grelutóttir. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1979. Bls. 25-73. Reykjavík.
- Guðrún Kristinsdóttir: 1988: Kuml og beinafundur á Austurlandi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1987. Bls. 89-97.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir 1992: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*. Oxbow Monograph 17.
- Gunnar Karlsson 1990: *Samband við miðaldir. Námsbók íslenskri miðaldasögu um 870-1550 og sagnfræðilegum aðferðum*. Gert í samvinnu við sagnfræðinema Háskóla Íslands. Mál og menning.
- Helgi Hallgrímsson 1989: Fróðleiksmolar um Freysnes. *Austri*, jólablað 1989. Bls. 18-20.
- Íslendingabók. Landnámabók. 1968. *Íslensk fornrit I*. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.
- Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað og skráð af Sigfúsi Sigfússyni. IX. Víkingstígtíðan 1958.
- Íslenskt fornþróunar- og fornleifar- og -fræðilegum félags. XII bindi. 1200-1554. Hið íslenska bókmenntafélag. 1933-1939.
- Félagsprent. Reykjavík.
- Íslenskt fornþróunarsafn. XIII bindi. 1555-1562. Hið íslenska bókmenntafélag. 1933-1939. Félagsprent. Reykjavík.
- Kristján Eldjárn 1956: Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Doktorsritgerð frá Heimspekiðeild HÍ.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir 1996: Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi.
- Rannsóknarskýrsla til Rannsóknarráðs Íslands. Handrit.
- Mjöll Snæsdóttir 1992: Jarðhýsið í Stóruborg undir Eyjafjöllum. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1991. Bls. 53-58. Reykjavík.
- Morgunblaðið. Gröf í fjöldu aldar manns finnst á Fljótsdalshjeraði. Föstudagurinn 4. ágúst, 1950. 37. árg. 176. tölubl. Bls. 2.
- Sigurður Vigfússon 1892: Bæjarrústir fornar. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1888-1892. Reykjavík.
- Pósturinn 4. júlí 1995. Enn efast um Miðhússasjóðinn. Miðlun hf.
- Steinunn Kristjánsdóttir 1995: Þórisárkumlið. *Gettingur*. Nr. 9. Tímarit um austfirsk málæfni. 5. árg. 2. tbl.
- Sveinbjörn Rafnsson 1990: Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardöllum. *Rit Hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík.
- Sveinn Víkingur 1970: *Getið í eyður sögunnar*. Kvöldvökuútgáfan. Reykjavík.
- Sveitir og jarðir í Múlabingu 1975. I-IV. Búnaðarsamband Austurlands. Rítsjórar: Armann Halldórsson, Eirkur B. Eirksson, o.fl.
- Tíminn. Bein og munir finnast í dys frá heiðnum sið. Föstudagurinn 4. ágúst, 1950. 168. blað. Bls. 9.
- Vilhjálmur Órn Vilhjálmsson 1991: Kolefnisaldursgreiningar og íslensk fornleifafræði.
- Árbók hins íslenska fornleifafélags 1990. Bls. 35-70. Reykjavík.
- Pór Magnússon 1973: Söguðarbyggð í Hvítárholti. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1972. Bls. 5-80. Reykjavík.
- Pór Magnússon 1981: Silfursjóður frá Miðhúsum í Egilsstaðahreppi. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1980. Bls. 5-20. Reykjavík.
- Þorsteins saga hvíta 1950. *Íslensk fornrit XI. Austfirðingasögur*. Jón Jóhannesson gaf út. Hið íslenska fornritafélag.

Óbirtar skýrslur og handrit:

- Eva Elvira Klonowski 1996: Skýrsla um greiningu beins vegna rannsóknar rústa á Fljótsdalshéraði. Óbirt. Skjalasafn Minjasafns Austurlands.
- Guðrún Kristinsdóttir 1996: Jarðrask á Miðhúsum í Egilsstaðahreppi.... Skýrsla um rannsókn á smíðju á Miðhúsum f október 1996. Skjalasafn Safnastofnunar Austurlands.
- Gunnlaugur Haraldsson 1976: Minnisbók. Safnastofnun Austurlands.
- Helgi Hallgrímsson. 1995: Um rústir á Fljótsdalshéraði. Handrit. Afrit geymt í skjalasafni Minjasafns Austurlands.
- Helgi Hallgrímsson 1996: Vættastöðvar í Eiðaþinghá. Handrit. Afrit geymt í skjalasafni Minjasafns Austurlands.
- Helgi Þorláksson og Lilja Árnadóttir 1995: Rannsókn silfursjóðsins frá Miðhúsum. Greinargerð. Pjöðminjasafn Íslands.
- Hjalti Hugason 1996. Kirkjur og frumkristni á Íslandi. Handrit.
- Magnús Sigurgeirsson. 1996. Fornar rústir á Héraði. Gjóskulagaathuganir við Þórisá, Atlavík og Brenniðstaði. Óbirt. Skjalasafn Minjasafns Austurlands.

Steinunn Kristjánsdóttir
minaust@eldhorn.is

Græn ferðamennska

Umhverfi er máttarstólpi ferðamennskunnar, umhverfi í viðasta skilningi þess orðs, þ.e. náttúrulegt, félagslegt og menningarlegt umhverfi. Það að ferðast felur í sér notkun á auðlindum, náttúrulegum og manngerðum, auðlindum sem ekki verða endurnýjaðar eða endurunnar. Áætlað er að um 550 milljónir manna ferðist um heiminn á hvert. Þar af sækja um 100 milljónir ferðamanna Miðjarðarhafslöndin heim. Á þeim slóðum veldur sólarolía sem pessir ferðamenn nota mikilli mengun hafssins ásamt því að 70% alls skólds frá þessum svæðum rennur óhreinsað í sjóinn.

Skyndileg og ófyrirsjáanleg augnablik eyðileggings hafa litið dagsins ljós á mörgum fjölsóttum ferðamannastöðum. Umhverfisspjöll og mengun sem orsaka algert hrún ferðaþjónustu á svæðunum. Nýlegt dæmi er lokun stranda við Adráhafíð, þegar sjórinn fylltist skyndilega af þéttri þörungaflóru. Talið er að þörungaflóran sé afleiðing mengunar. Heilu menningarsamfélögin hafa nánast verið þurrkuð út vegna bygginga hótela og golfvalla fyrir ferðamenn.

Skáldið frá Bayern, Harald Grill, lýsir hinu hefðbundna viðhorfi ferðamannsins á eftirfarandi hátt: "Við ferðamenn kærum okkur kollóttu um umhverfið. Þegar það mengast á einum stað færum við okkur bara um set og finnum okkur annan stað að fara til. Sem íbúar skiptir ástand umhverfis okkur litlu máli. Þegar það eyðileggst förum við bara í frí!"

Sú stund gæti runnið upp að mōðir jörd hefur ekki fleiri ómengada staði að bjóða til sumarleyfa og skipulagðar ferðir út í geim tækju við.

Ferðamennska í sátt við umhverfið

Menn hafa gert sér ljóst að það er manninum nauðsynlegt að ferðast. Skoða sig um í hinum stóra heimi og komast burt frá erli hversdagsins. En það er ekki sjálfgefið að við sláum eign okkar á landið sem við stígum fæti á, að við slítum blómin upp með rótum, að við truflum dýralíf með ónærgætni, að við tökum myndir af fólk í leyfisleysi. Landið er aðeins fengið að láni og okkur ber að skila því í sama ástandi til komandi kynslóða. Þetta kennir sjálfbær ferðamennska, ferðamennska sem er boðleg umhverfinu og samféluginu og kennir okkur að vera ábyrg gerða okkar gagnvart komandi kynslóðum. Vistvæn eða græn ferðamennska er á sömu nótum og leggur áherslu á mikilvægi þess að nýta ferðalögini til þess að dýpka skilning á náttúru, menningu og sögu viðkomandi landa, njóta kyrrðar viðáttunnar, upplifa snertingu við mannlíf og leggja sitt af mörkum til styrktar heimamönnum. Ferðamaðurinn verður jafnframt að vera þess fullkomlega meðvitaður að athafnir hans leiði af sér sem minnsta röskun á umhverfi.

Ferðaþjónusta á Íslandi

Árleg meðalfjölgun ferðamanna á Íslandi síðastliðin 5 ár er 6.55%. Því er spáð að árið 2000 verði fjöldi erlendra ferðamanna orðinn 265.000. Það er ánægjulegt að ferðamenn kunni að meta hina sérstæðu náttúru landsins. En það vekur okkur jafnframt til umhugsunar um mikilvægi þess að vernda náttúruperlurnar okkar, búa fjölsóttustu ferðamannastaðina undir hið mikla álag sem skapast ef margir ferðamenn koma inn á lítið svæði á sama tíma. Nýlegar kannanir sýna að erlendir ferðamenn dreifast mjög ójafnt um landið. Straumurinn liggur að helstu náttúruundrum landsins t.d. fer fjöldi gesta á Pingvöllum upp í 1.500 manns á einum degi þegar hámarkinu er náð í júlí, hátt í 500 manns í Landmannalaugum og um 200 manns í Jökulsárgljúfrum. Það er einnig athyglivert að fjölda ferðamanna er mjög misskipt milli daga en flest allar hópferðir úr Reykjavík hefjast í byrjun vikunnar.

Vistvæn ferðamennska leggur áherslu á að ferðamaðurinn kynnist sem flestum hliðum landsins sem hann sækir heim. Þannig fái hann ekki aðeins innsýn í náttúru heldur einnig menningu, sögu og mannlíf. Með því að stuðla að fjölbreyttari afspreyingu væri unnt að dreifa ferðamönnum jafnar um landið og jafnvel auka fjölda þeirra vor og haust.

Menningartengd afspreying

Ísland er draumaland fyrir svokallaða fræðsluferðamennsku eða þemaferðamennsku sem nýtur síavaxandi athygli ferðamarkaðarins. Heimurinn er ríkur af náttúruundrum s.s. eldfjöllum, jöklum, heitum uppsprettum og fossum. En óvíða finnst slík menningararfleifð, saga og tunga eins og á Íslandi. Og óvíða gefst kostur á að komast í svo nána snertingu við mannlífið vegna smæðar þjóðarinnar.

Það sem okkur kann að finnast harla hversdagslegt finnst hinum erlenda ferðamanni heillandi. Rollurnar úti á miðjum vegi, vegurinn sem verið er að leggja um leið og ekið er á honum, bóneddinn við vinnu sína, litlu göturnar og húsín í þorpnum, konurnar að snyrta fiskflökin í frystihúsini o.fl. Þeir hlusta andaktugir á álfasögur, leita dauðaleit að bók Halldórs Laxness *Sjálfstæðu* fólkí á ensku í bókaverslunum eftir að hafa heimsótt Sænautasel á Jökuldalsheiði og upplifað söguna beint í æð, reyna að setja sig í spor Egils Skallagrímssonar eftir sonamissinn o.s.frv. Þessum þáttum þarf að gera betri skil, þannig að þeir verði sýnilegri ferðamanninum. Þar gegna söfn mikilvægu hlutverki og allt það sérmenntaða fólk sem þar starfar. Það þarf að virkja þetta fólk til þess að koma með tillögur að því hvernig við getum brugðið lífi í söguna, bókmenntirnar og búskaparhætti. Nýta þarf söfnin betur sem vettvang lifandi fræðslu fyrir ferðamenn. Með því er átt við að munirnir sem venjulega liggja í glerborðum eða hanga á veggjum séu sýndir í sínu rétta umhverfi í tengslum við söguna. Það þarf að nýta fornleifar í

umhverfinu betur þar sem því verður við komið, nota þarf myndmál meira, upplestur og tónlist.

Íslensk söfn eru mjög keimlisk og skortir meiri sérhæfingu en þau skapa kjörið umhverfi til að sviðsetja sögulega atburði. Sem dæmi þá upplifði ég síðastliðið haust, ásamt hóp ferðamanna, svipmyndir fortíðar í Stekkjarkoti í Njarðvík þar sem eldri maður og kona höfðu brugðið sér í gervi sjómanns í sjóstakki og konu í peysufótum. Þau sátu í baðstofunni við vinnu sína, hún hjálpaði honum í sjóstakkinn og þau fylgdu hópnunum út á hlaðvarpann. Á eftir héldum við í byggðasafnið í Njarðvík og gæddum okkur á kaffi og pönnukökum. Þessi stund var ógleymanleg þessum ferðamönnum.

Í Bretlandi njóta miðaldaveislur í kostulum mikilla vinsælda, þar sem fólk gefst kostur á að klæðast tilheyrandi búningum. Þar eru víða söfn þar sem safnverðir bregða sér í hin ýmsu gervi víkinga, konunga og hirðfífla.

Hér á landi þyrfti að nýta betur gömul hús, endurreisa í torfbæjarstíl og bjóða gestum gistingu og mat eins og tíðkaðist forðum, slá upp kvöldvökum með tilheyrandi draugasögum og tónlist. Þá væri gaman að vera leiðsögumáður.

Ingi veig Gunnarsdóttir
framkvæmdarstjóri Landnámu
shelgason@centrum.is

Leiðréttинг

Netföng starfsmanna Pjóðminjasafns Íslands birtust í síðasta fréttabréfi. Í netfangi Bjarna F. Einarssonar vantaði bókstaf. Netfangið er rétt svona: bjarnif@natmus.is

Nýjar bækur/skýrslur/greinar

Guðrún Sveinbjarnardóttir 1996. Leirkar á Íslandi. Reykjavík. Hið íslenska fornleifafélag.

Guðmundur Ólafsson. 1996. Beinafundur við Másvatn. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildaar Pjóðminjasafns.

Steinunn Kristjánsdóttir. 1996. „Kistill frá 18. öld” í Múlabungi 23, bls.74-75.

Steinunn Kristjánsdóttir. 1996. „Grýta haugbuans í Skriðdal” í Múlabungi 23, bls.28-29.

Steinunn Kristjánsdóttir. 1996. „Óli Metúalem Jónsson” í Múlabungi 23, bls.142-143.

Steinunn Kristjánsdóttir. 1996. „Húseyjarnælan” í Múlabungi 23, bls.64-65.

ATH. Félagsmenn eru beðnir um að senda ritsjóra fréttabréfsins upplýsingar um ráðstefnur, greinar, bækur og annað sem komið getur safnafólk til góða.

Félag íslenskra safnmannna

Opinn félagsfundur

17. apríl

kl. 16.15 í Kornhúsinu, Árbæjarsafni

Dagskrá fundarins

Söfn og ferðamennska

1

Söfn og ferðamennska.

Frummælendur þau Helgi M. Sigurðsson, deildarstjóri
Árbæjarsafni og Anna Margrét Guðjónsdóttir,
ferðamálafulltrúi Reykjavíkurborgar.
Umræður verða að erindum loknum.

2

Kynning á farskóla safnmannana 1997.

3

Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til þess að mæta á þennan fund.